



Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017



RÍKISENDURSKOÐUN

Mars 2018

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárheimildir og rekstur	6
	3.1 Fjárheimildir	6
	3.2 Rekstraráætlanir	6
4	Innra eftirlit.....	7
	4.1 Inngangur	7
	4.2 Umfjöllun	7
	4.3 Niðurstöður/ábendingar	7
5	Fylgni við lög og reglur.....	8
	5.1 Inngangur	8
	6.2 Ferðakostnaður	8
6	Endurskoðun rekstrarliða	9
	6.1 Umsýslufé.....	9
	6.2 Launamál.....	9
	6.3 Styrkveitingar	9
	6.4 Annar rekstrarkostnaður.....	9
	6.5 Fylgiskjalaskoðun	9
	6.6 Niðurstaða/Athugasemd.....	9
7	Endurskoðun efnahagsliða	10
	7.1 Eignir	10
	7.1.1 Handbært fé.....	10
	7.2 Skuldir	10
	7.2.1 Óhafin framlög	10
	7.2.2 Aðrar skammtímaskuldir.....	10
8	Önnur atriði	11
	8.1 Staðfesting ársreiknings	11
	8.2 Óhæðisyfirlýsing.....	11

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2017.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins var síðast endurskoðaður fyrir árið 2016.

2 Niðurstöður og ábendingar

1. Þóknun vegna umsýslufjár

Gerð er athugasemd við fyrirkomulag þóknunar vegna umsýslufjár. Lagt er til að Framleiðnisjóður semji við forsvarsmenn viðkomandi sjóða um árlega þóknun vegna þessarar þjónustu.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir þetta fyrirkomulag. Lagt er til að Framleiðnisjóður semji við forsvarsmenn viðkomandi sjóða um árlega þóknun vegna þessarar þjónustu. Nýja fyrirkomulagið gæti tekið gildi frá ársbyrjun 2018.

3 Viðbrögð við ábendingum

1. Þóknun vegna umsýslufjár

„Stjórnendur Framleiðnisjóðs munu bregðast við athugasemdum Ríkisendurskoðunar og mun leitast eftir því að semja um fasta árlega þóknun vegna umsýslufjár.“

4 Fjárheimildir og rekstur

4.1 Fjárheimildir

Á fjárlögum 2017 var Framleiðnisjóði landbúnaðarins áætlaðar 127,5 m.kr. í ríkisframlag.

Í þús. kr.	Fjárheimild 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Framlag úr ríkissjóði	-127.500	-127.500	0	-116.200
Heildargjöld	152.500	131.116	21.384	131.563
Sértekjur	-25.000	-7.713	-17.287	-8.361
Samtals	0	-4.097	4.097	-7.202

Rekstur ársins 2017 var því 4.097 þús.kr. innan fjárheimilda ársins.

4.2 Rekstraráætlanir

Gerð er rekstraráætlun fyrir Framleiðnisjóð í upphafi árs sem afgreidd er á fyrsta fundi stjórnarinnar. Auk þess er skilað inn rekstraráætlun til Fjársýslunnar sem fylgst er með mánaðarlega.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

5.2 Umfjöllun

Við upphaf endurskoðunar var gerð áhættugreining fyrir sjóðinn. Markmiðið með áhættugreiningu er að þekkja og meta áhættu á verulegum skekkjum bæði vegna mistaka og svika. Þá byggist endurskoðunin einnig á gagnaskoðun allra helstu þátta rekstrar og efnahags. Eftirlitsumhverfið var metið. Hjá sjóðnum er einn fastur starfsmaður sem er forstöðumaður. Forstöðumaðurinn sér um fjármál. Einnig kemur að málum fyrrverandi forstöðumaður sem annast uppfærslu bókhalds, uppgjör og afstemmingu bankareikninga. Þannig skapast verkaskipting milli fjármála og bókhalds. Þá áritar formaður stjórnar gjaldareikninga og reikninga sem snúa að forstöðumanninum.

5.3 Niðurstöður/ábendingar

Það er mat okkar að innra eftirlit sé virkt hjá sjóðnum þrátt fyrir fámenni og takmarkaða möguleika á verkaskiptingu.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir í kafla 4.

6.2 Ferðakostnaður

Stofnunin fylgir nákvæmlega reglum um ferðakostnað en stjórnarmenn Framleiðnisjóðs eru frá ýmsum stöðum á landinu. Stjórnarmenn fá greiddan akstur á stjórnarfundi og útlagðan kostnað, þ.e. flugkostnað en í núverandi stjórn eru tveir stjórnarmenn sem ferðast með flugi. Aðrir stjórnarmenn fá greiddan akstur á stjórnarfundi samkvæmt opinberum töxtum vegna aksturs í þágu vinnuveitanda. Þeir stjórnarmenn sem koma lengst að fá greidda hálfu dagpeninga fyrir hvern stjórnarfund. Þá er sú regla viðhöfð hjá sjóðnum að framkvæmdastjóri sjóðsins fær aldrei dagpeninga heldur aðeins greiddan akstur þegar hann ferðast á vegum sjóðsins.

7 Endurskoðun rekstrarliða

7.1 Umsýslufé

Samkvæmt skýringu nr. 5 í ársreikningi annast Framleiðnisjóður fjármálaumsýslu fyrir fjóra sjóði, þ.e. aðlögunarsamning garðyrkju, þróunarfélag sauðfjárræktar, þróunarfé nautgriparæktar og á árinu 2017 bættist við umsýslufé vegna markaðsmála sauðfjárafurða. Ekki hefur verið samið formlega um þóknun Framleiðnisjóðs vegna þessarar fjármálaumsýslu heldur er litið þannig á að í hlut Framleiðnisjóðs komi fjárhæð sem jafngildir vaxtatekjum af bankareikningum umsýslusjóðanna.

Við gerum athugasemd við þetta fyrirkomulag. Lagt er til að Framleiðnisjóður semji við forsvarsmenn viðkomandi sjóða um árlega þóknun vegna þessarar þjónustu.

7.2 Launamál

Farið var yfir launaframkvæmd og kannað hvort farið væri eftir tilskildum reglum. Ekki eru gerðar athugasemdir.

7.3 Styrkveitingar

Veitt framlög til einstakra verkefnaflokka voru könnuð með fyrirspurnum og samanburði milli ára og leitað skýringa á frávikum. Úthlutun og afgreiðsla framlaga var í samræmi við verklagsreglur. Ekki eru gerðar athugasemdir.

7.4 Annar rekstrarkostnaður

Aðrir kostnaðarliðir voru kannaðir með samanburði milli ára og leitað skýringa á frávikum. Skýringar fengust á breytingum milli ára. Ekki eru gerðar athugasemdir.

7.5 Fylgiskjalaskoðun

Tekið var úrtak fylgiskjala til skoðunar með tilliti til forms- og efnisatriða. Engar athugasemdir komu fram.

7.6 Niðurstaða/Athugasemd

Gerð er athugasemd við fyrirkomulag þóknunar vegna umsýslufjár. Lagt er til að Framleiðnisjóður semji við forsvarsmenn viðkomandi sjóða um árlega þóknun vegna þessarar þjónustu.

8 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2017 námu eignir 277,4 m.kr., skuldir 211,1 m.kr. og eigið fé nam 66,3 m.kr.

Í m.kr.	2017	2016	Breyting
Eignir:			
Handbært fé	277,4	237,1	40,3
Eignir alls	277,4	237,1	40,3
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	66,3	62,2	4,1
Skuldir:			
Óhafin framlög	101,8	80,7	21,1
Aðrar skammtímaskuldir	109,3	94,2	15,1
Skuldir alls	211,1	174,9	36,2
Eigið fé og skuldir alls	277,4	237,1	40,3

8.1 Eignir

8.1.1 Handbært fé

Endurskoðun á handbæru fé fólst í því að yfirfara afstemmingar á bankareikningum sjóðsins með því að bera saman bókhald og ytri gögn frá viðskiptabanka hans. Afstemmingar voru staðfestar án athugasemda.

8.2 Skuldir

8.2.1 Óhafin framlög

Könnuð voru óhafin framlög í árslok. Samkvæmt verklagsreglum sjóðsins skulu loforð um styrki fyrnast á tveimur árum. Þetta þýðir að loforð um styrki sem veitt voru á árinu 2016 eða fyrr og ekki hafa verið nýtt að neinu leyti skulu vera fyrnd í árslok 2017. Í heild voru óhafin framlög 101,8 m.kr. í árslok 2017. Þar af voru 10,7 m.kr. vegna verkefna sem enn eru í gangi en veitt voru á árinu 2015 eða fyrr. Farið var yfir óhafin framlög og þau staðfest.

8.2.2 Aðrar skammtímaskuldir

Farið var stöðu umsýslufjár í árslok og aðrar skuldir kannaðar. Ekki eru gerðar athugasemdir.

9 Önnur atriði

9.1 Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Framleiðnisjóðs Landbúnaðarins fyrir árið 2017 var staðfestur af stjórn sjóðsins og áritaður með fyrirvaralausri áritun af endurskoðendum 2. mars 2018.

9.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá sjóðnum.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is